# Tröllasmiður

*Tordýflamóðir*




Tröllasmiður var stærsta bjalla Íslands þar til frændi hans varmasmiður nam land árið 1999. Þeir eru líkir í útliti en hægt er að aðgreina þá út frá mynstri skjaldvængja.



## Tröllasmiður

*Áberandi mynstur, margar rákir niður með skjaldvængjum. Nokkrar stærri rákir sem brotna upp og mynda brotalínu.*

- Ættbálkur: Bjöllur
- Ætt: Járnsmiðsætt
- Tegund: *Carabus problematicus*
- Undirtegund: *C.p. islandicus*
- Stærð: 20-24mm



## Varmasmiður

*Tiltölulega sléttir skjaldvængir. Fíngerðar rákir niður eftir skjaldvængjum með sex raðir lítilla dælda, þrjár á hvorum skjaldvæng.*




Íslenski tröllasmiðurinn telst til sér undirtegundar og finnst einungis í Sveitarfélaginu Hornafirði. Á undanförnum árum hefur tröllasmiður fundist í Lóni sem er austar en áður.